

Nd.

35. Nefndarálit

[5. mál]

um frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarp þetta var flutt til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og ekki er ágreiningur um, að þar sé þörf úrbóta. Nú hafa mál hins vegar skipast þannig, að lagðir eru á almenning stórfelldir nýir skattar, sem renna eiga í ríkissjóð, án þess að vitað sé, hvort almennt launafólk fær nokkrar bætur fyrir. Minna má einnig á, að ein af röksemdunum fyrir hækkun söluskattsins um tvö stig er hin slæma afkoma Rafmagnsveitna ríkisins, og yrði þá um tvöfalda skattheimtu að ræða.

Undirritaðir telja, að eins og nú er háttað um nýja skattlagningu til ríkissjóðs, eigi að fresta afgreiðslu þessa frv. og leggja því til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Nái sú tillaga ekki fram að ganga, leggjum við til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 4. september 1974.

Eðvarð Sigurðsson,
frsm.

Eyjólfur Sigurðsson.